



AÐGERÐAÁÆTLUN

AKUREYRARBÆJAR

GEGN KYNBUNDNU OFBELDI OG OFBELDI GEGN BÖRNUM

2018-2020

Inngangur

Bæjaryfirvöld á Akureyri vilja með gerð *aðgerðaáætlunar gegn kynbundnu ofbeldi og ofbeldi gegn börnum* vinna markvisst og tryggja að þjónusta í bænum sé vel skipulögð og í fararbroddi á landsvísu. Markmið áætlunarinnar er að tryggja virkt samráð lykilaðila í sveitarfélaginu til þess að fyrirbyggja kynbundið ofbeldi, greina einkenni, bregðast við, tilkynna og veita góð úrræði fyrir börn, fjölskyldur þeirra og fullorðna einstaklinga sem hafa orðið fyrir kynbundnu eða öðru ofbeldi.

Með *kynbundnu ofbeldi* er átt við ofbeldi á grundvelli kynferðis sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þolanda, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi.¹

Með *ofbeldi gegn börnum* er átt við hvers kyns líkamlegt og andlegt ofbeldi, meiðingar, líkamlega og tilfinningalega vanrækslu, skeytingarleysi, illa meðferð eða misnotkun, þar á meðal kynferðislega misnotkun og það að heilsu eða lífi ófædds barns sé stefnt í hættu.

Áætlunin byggir m.a. á

- Lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.
- Barnaverndarlögum nr. 80/2002.
- Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna.
- Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- Kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Í áætluninni eru sett fram eftirfarandi markmið og útfærslur á þeim:

1. Stuðla að markvissum forvörnum sem snúa að börnum og fullorðnum til að koma í veg fyrir ofbeldi á heimilum og kynferðislegt ofbeldi.
2. Tryggja að nærþjónusta við þolendur sé skilvirk og ljóst hvert skuli leita aðstoðar.
3. Styrkja starfsfólk stofnana í því að þekkja einkenni ofbeldis, greiningu og rétt viðbrögð.
4. Efla úrræði fyrir þolendur ofbeldis, gera þau sýnilegri og aðgengilegri.
5. Styrkja meðferðarúrræði fyrir gerendur.

Ábyrgð á einstökum aðgerðum skiptist á milli tveggja deilda bæjarins þ.e. samfélagssviðs og fjölskyldusviðs. Sú breyting hefur orðið að Heilsugæslustöðin á Akureyri heyrir ekki lengur undir Akureyrarbæ og er því ekki ábyrgðaraðili verkefna í áætluninni eins og var. Áhersla er lögð á að aðgerðir rúmist innan fjárveitinga og án viðbótar tilkostnaðar. Þetta verður m.a. gert með því að aðlaga þá þjónustu og úrræði sem þegar eru fyrir hendi og nýta með öðrum hætti en verið hefur.

Akureyrarbær hefur tvívegis sett sér aðgerðaáætlun gegn kynbundnu ofbeldi og ofbeldi gegn börnum. Fyrst var gerð áætlun sem gildi fyrir árin 2010 og 2011 og sú áætlunin var síðan endurnýjuð og var í gildi fyrir árin 2012 – 2014. Í báðum áætlunum voru sett á dagskrá ýmis verkefni og unnið að þeim með nokkuð góðum árangri. Aðgerðaráætlunin var ekki endurnýjuð eftir 2014 og m.a. horft til þess að velferðarstefna sem þá var í undirbúningi kæmi í hennar stað. Bæjarráð ákvað síðan á fundi sínum 30. nóvember 2017 að áætlunin skyldi endurnýjuð.

Mörg verkefnanna sem sett voru á dagskrá eru enn í vinnslu, önnur eru ekki hafin og enn öðrum er lokið. Fræðsla til barna í leik – og grunnskólum er núna í ákveðnum farvegi, þjónustuleiðir og þjónustuaðilar á Akureyri hafa verið kortlagðir og gerðir sýnilegir með upplýsingasíðu sem tengd er viðeigandi þjónustu bæjarins, flestar stofnanir eru með vinnureglur varðandi tilkynningaskyldu barnaverndar, boðið hefur verið upp á námskeið til stofnana og deilda bæjarins og úrræði fyrir þolendur tryggð. Einnig er komið á úrræði fyrir gerendur en það er utan við þjónustu bæjarins.

Við endurskoðun á áætluninni var horft til þess sem þegar hefur áunnist, verkefnum forgangsraðað m.t.t. mikilvægis, þess hversu raunhæf þau eru og hvort einhverju væri við að bæta.

Velferðarráð ber ábyrgð á aðgerðaáætluninni, framkvæmd hennar og eftirfylgd. Áætlunin gildir til ársins 2020.

1. Aðgerðir um forvarnir

a) Markmið: Að börn séu meðvituð um eigin líkama og mörk varðandi snertingu. Veitt verði fræðsla um góða og slæma snertingu, byggð upp jákvæð sjálfsmynd og börnum kennt að setja mörk milli sín og umhverfisins og geti sagt frá ofbeldi sem þau kunna að verða fyrir.

Aðgerð 1: Veitt verði fræðsla í leikskólum og yngri bekkjum grunnskóla um líkamann, góða og slæma snertingu, þeirra einkastaði, styrkingu sjálfsmyndar og um eðlileg mörk milli sín og umhverfisins.

Aðgerð 2: Börn á miðstigi og í efri bekkjum grunnskóla fái skipulega fræðslu um ofbeldi: einkenni, úrræði og afleiðingar. Þau fái fræðslu um styrkingu sjálfsmyndar, virðingu fyrir einstaklingnum, samskipti kynjanna, heilbrigða kynhegðun, hættur sem felast í netheimum og leiðir til heilbrigðrar tölvunotkunar.

Aðgerð 3: Skoða með hvaða hætti er aðgengilegast að gera grunnskólabörnum kleyft að segja frá hafi þau orðið fyrir ofbeldi.

Aðgerð 4: Fullorðnum einstaklingum með fötlun standi til boða fræðsla um ofbeldi: einkenni, úrræði og afleiðingar, sambærilegt við aðgerð 2.

Ábyrgðaraðili: Samfélagssvið í samstarfi við fjölskyldusvið varðandi aðgerð 4. Fræðsluáætlunin verði alltaf borin undir skólastjóra hvers skóla þar sem ábyrgð þeirra er skýr samkvæmt lögum og verði aðgengileg á heimasíðu Akureyrarbæjar: <http://www.akureyri.is/rosenborg/forvarnir>.

Tímarammi: Fræðslan gengur skv. aðgerðaráætlun um forvarnarstarf fyrir hvert skólaár. Fræðsla skv. aðgerð 4 verði í boði árlega.

b) Markmið: Auka ábyrgð foreldra/forráðamanna á þáttum sem tengjast ofbeldi gegn börnum og vitneskju um leiðir og úrræði.

Aðgerð 5: Safna saman því fræðsluefni sem er til og gera aðgengilegt.

Ábyrgðaraðili: Fjölskyldusvið

Tímarammi: Haust 2018. Uppfært árlega.

c) Markmið: Auka vitund almennings og virkja samfélagið þannig að það láti sig ofbeldi varða og það sé ekki einkamál þeirra sem fyrir því verða og þeirra sem það fremja. Að upplýsa einstaklinga um rétt þeirra, einkenni ofbeldis, orsakir, afleiðingar og úrræði.

Aðgerð 6: Gera málefnið aðgengilegt á vef Akureyrarbæjar með gagnlegum upplýsingum um ofbeldi gegn börnum og kynbundið ofbeldi, um orsakir, einkenni, afleiðingar, aðstoð og úrræði. Kortlagðar hafa verið þjónustuleiðir og þjónustuaðila á Akureyri á vefsíðunni: <http://www.akureyri.is/rosenborg/ofbeldi-adstod-og-urraedi> Vinna áfram að kynningu og tengja saman vefsvæði þannig að efnið verði skýrt og aðgengilegt á íslensku og fleiri tungumálum.

Aðgerð 7: Efna til samstarfs við framhaldsskóla bæjarins um vitundarvakningu og forvarnir fyrir ungmenni.

Ábyrgðaraðili: Samfélagssvið.

Tímarammi: Efni á erlendum tungumálum verði tilbúið vorið 2019. Reglulega verði minnt á upplýsingasiðuna. Undirbúningur samstarfs hefst í árslok 2018.

d) Markmið: Að íþrótt- og æskulýðsfélög séu meðvituð um ábyrgð sína gagnvart börnum sem stunda íþróttir og félagsstarf á vegum þeirra.

Aðgerð 8: Íþrótt- og æskulýðsfélög hafi skýrar reglur og verklag ef upp koma mál er varða ofbeldi gegn börnum og kynbundið ofbeldi.

Aðgerð 9: Tryggja að starfsfólk á vegum íþrótt- og æskulýðsfélaga uppfylli kröfur Akureyrarbæjar varðandi skilyrði um ráðningu í störf með börnum og unglíngum.

Aðgerð 10: Stuðla að uppbyggilegri hegðun barna og ungmenna í einstaklings- og hópastarfi á vegum félaganna t.d. með siðareglum og forvarnarstefnu.

Ábyrgðaraðili: Samfélagssvið.

Tímarammi: Undirbúningur hefst á árinu 2018.

2. Aðgerðir sem tryggja skilvirka nærþjónustu og skýr hlutverk

a) Markmið: Koma á samræmdum vinnureglum um tilkynningaskyldu þegar grunur er um ofbeldi gegn börnum. Skerpa á ákvæðum um mikilvægi tilkynningarskyldu þegar börn eru aðilar máls.

Aðgerð 11: Settar verða samræmdar vinnureglur hjá viðeigandi stofnunum hjá Akureyrarbæ. Á hverjum tíma verði til kynningarefni handa fagaðilum um mikilvægi tilkynningarskyldu gagnvart ofbeldi gegn börnum.

Ábyrgðaraðili: Fjölskyldusvið vinni leiðbeinandi reglur fyrir stofnanir Akureyrarbæjar.

Tímarammi: Reglur verði tilbúnar til kynningar í stofnunum á árinu 2019.

b) Markmið: Í félagsþjónustu og barnavernd verði skimað markvisst eftir kynbundnu ofbeldi og þannig bættir möguleikar þolenda til að opna á þessi erfiðu mál.

Aðgerð 12: Innleiða verklag þar sem skimað verði markvisst eftir kynbundnu ofbeldi með notkun gátlista.

Ábyrgðaraðili: Fjölskyldusvið.

Tímarammi: Árin 2018 -2019.

3. Aðgerðir sem styrkja starfsfólk stofnana í því að þekkja einkenni rétt viðbrögð og greiningu

a) Markmið: Starfsfólk sem starfar með börnum og unglíngum þekki einkenni, áhættu og afleiðingar kynbundins ofbeldis og ofbeldis gegn börnum og hvar úrræði sé að finna.

Aðgerð 13: Öllum stofnunum sem starfa með börnum standi til boða viðeigandi fræðsla fyrir starfsfólk. Sérstaklega er átt við heilbrigðisstarfsfólk, skólahjúkrunarfræðinga, starfsfólk leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla, sálfræðinga, félagsráðgjafa, námsráðgjafa, þroskaþjálfara, sjúkraþjálfara, sjúkraflutningamenn og aðrar fagstéttir. Hvatt verði til samstarfs deilda við Háskólann á Akureyri til að efla kennslu og rannsóknir á þessu sviði. Námskeið á vegum forvarnarfulltrúa eru ávallt í boði og deildir bæjarins eru hvattar til að nýta sér þau.

Ábyrgðaraðili: Samfélagssvið.

Tímarammi: Námskeið eru í boði árlega.

b) Markmið: Að auka þekkingu starfsfólks sem er líklegt til að sinna þolendum kynbundins ofbeldis.

Aðgerð 14: Starfsfólki Akureyrarbæjar standi reglulega til boða fræðsla um einkenni, áhættu, greiningu, orsakir og afleiðingar kynbundins ofbeldis, þar á meðal mansals og vændis til að það viti hvernig bregðast skuli við ef slík mál koma upp.

Ábyrgðaraðili: Samfélagssvið.

Tímarammi: Námskeið í boði reglulega.

4. Aðgerðir sem efla úrræði fyrir þolendur og gera þau sýnilegri og aðgengilegri

a) Markmið: Að börn sem hafa orðið fyrir ofbeldi fái viðeigandi úrræði og einstaklingsmiðaða meðferð.

Aðgerð 15: Þróa úrræði fyrir börn sem hafa orðið fyrir heimilisofbeldi.

Tryggja nauðsynlegt samstarf og samvinnu við slík mál.

Ábyrgðaraðili: Fjölskyldusvið.

Tímarammi: Samstarfið er ávallt í gangi. Úrræði verði tilbúið 2019.

b) Markmið: Að þolendur kynbundins ofbeldis fái viðeigandi aðstoð og að úrræði séu aðgengileg og auðfengin. Að þolendur hafi greiðan aðgang að sérfræðiþjónustu og viti hvert þeir geti leitað.

Aðgerð 16: Að undirbúa í samvinnu við aðra aðila þolendamiðstöð sambærilegt við **Bjarkarhlíð í Reykjavík.**

Ábyrgðaraðili: Fjölskyldusvið.

Tímarammi: Haust 2019.

5. Aðgerðir sem styrkja meðferðarúrræði fyrir gerendur

a) Markmið: Gerendum í ofbeldismálum verði beint í viðeigandi meðferðarúrræði.

Aðgerð 17: Kynna fyrir starfsfólki bæjarins verkefnið *Heimilisfriður* sem veitir körlum og konum sem beitt hafa heimilisofbeldi sérhæfða meðferð og stendur til boða á Norðurlandi.

Ábyrgðaaðili: Fjölskyldusvið.

Tímarammi: Haust 2018 og vor 2019.

Samþykkt í velferðarráði 5. desember 2018

Staðfest í bæjarráði 11. desember 2018